

Gellishóll

– manngerður hóll í landi Breiðalækjar á
Barðaströnd

Steinunn Kristjánsdóttir


Inngangsorð

Í landi Breiðalækjar á Barðaströnd í Barðastrandarhreppi er hóll nokkur sem talinn er geyma heiðna gróf. Hóllinn er kallaður Gellishóll, kenndur við Gelli sem sagan segir vera heygðan í hólnum. Gellishól er að finna tæpa 600 m suðaustur af bænum á Breiðalæk og um 200 m í norðvestur frá strandlínunni við norðanverðan Breiðafjörð.

Breiðilækur er nýbýli frá árinu 1954. Áður tilheyrði landareignin næsta bæ, Haga, sem er fornt höfuðbýli og sýslumannssetur. Það landsvæði sem Breiðilækur stendur nú á þótti fyrrum ekki ákjósanlegt til búsetu vegna votlendis. Þegar ræktun hófst þar um miðja þessa öld var túnið ræst fram með skurðum. Gellishóll stóð á þurru svæði, trúlega sandhrygg, í mýrarfláka rúma 800 m suður af bæjarstæði Haga sem er forn kirkjujörð. Norðan við hólinn stóðu tveir minni hólar¹ en við ræktun túnsins á Breiðalæk voru þeir jafnaðir út.

Nokkrar munnmælasögur fylgja Gellishól. Flestar þeirra tengjast skipasmiðnum Króka-Ref. Króka-Refur er sagður hafa átt smiðju í hólma einum í mynni Arnarbyllisár, þar sem hún rennur út í Hagavaðal. Hólmi þessi er venjulega kallaður *Refshólmi*. Þar eru tvær tættur, *Refstóft* og *Refssmiðja* (mynd 1). Vel sést móta fyrir þessum tóttum í dag en sæta verður sjávarföllum þegar farið er út í hólmann. Munnmælasögur þær er fylgja Gellishól segja að Króka-Refur hafi drepit Gelli sveitunga sinn í Refshólma. Eftir vígið var Gellir heygður í umræddum hól. Jafnframt fylgir sú sögn Gellishól að sé grafið í hann muni Hagi brenna.

¹ Matthías Þórðarson 1924:45.



Mynd 1. Kort af Breiðafirði og Barðaströnd. Merkt er við þá staði sem nefndir eru í greininni (úr Kortabók 1992:8).

Árið 1930 voru Gellishóll, Refstóft og Refssmiðja friðlýstar sem fornminjar af þáverandi þjóðminjaverði, Matthíasi Þórðarsyni.² Sumarið 1998 var tekinn könnunarskurður í Gellishól en hér á eftir verður skýrt frá rannsókn þeirri sem könnuninni fylgdi, svo og niðurstöðum hennar, samhliða því sem viðfangsefnið verður tengt við skráðar og óskráðar flökkusagnir.

Rannsókn Snæbjarnar í Hergilsey

Gellishóll hefur löngum þótt áhugavert rannsóknarefni en sögnin um það að íbúðarhúsið í Haga muni brenna sé grafið í hann hefur líkast til fælt margan frá rannsókn á staðnum. Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey lét þó sögn þessa ekki aftra sér. Seint á síðustu öld gróf hann rúmlega eins metra langan og 70 cm breiðan skurð í miðjan í hólinn (mynd 2).

Skurðurinn varð ekki djúpur því sagt er að Snæbjörn hafi virst sem Hagi væri að brenna, eins og álögin kveða á um, skömmu eftir að hann hóf gröftinn. Við sýnina mun Snæbjörn hafa farið heim að Haga til að ganga úr skugga um hvort bærinn brynni. Svo reyndist ekki vera og hélt Snæbjörn því greftinum áfram. Sagan endurtók sig síðan í tvígang eftir það. Í bæði skiptin gekk Snæbjörn úr skugga um hvort sýn hans ætti við rök að styðjast og gekk heim að Haga. Svo reyndist ekki vera. Sagan segir að þá hafi Snæbjörn ákveðið að hætta greftri vegna álaganna er hvíldu á hólnum.

² Ágúst G. Ólafsson 1990:34.

Snæbjörn Kristjánsson, skipstjóri og bóndi í Hergilsey á Breiðafirði, fæddist árið 1854 og lést árið 1938. Snæbjörn var þjóðkunnur maður, ekki síst fyrir rannsóknarstörf sín. Hann hafði meðal annars mikinn áhuga á fornleifum, eins og reyndar margir samferðamenn hans. Hann gróf víða í kuml og fornar rústir í A- og V-Barðastrandarsýslum. Margra rannsókna hans er getið í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1899³ og í doktorsritgerð Kristjáns Eldjárns⁴. Ævisögu sína skráði Snæbjörn og gat þar um flestar þær rannsóknir sem hann framkvæmdi í sýslunum.⁵



Mynd 2. Gellishóll að hausti til. Greina má skurðinn, sem talið er að Snæbjörn hafi grafið í hólinn seint á síðustu öld, lagðan svelli.

Snæbjörn getur þess hvernig að hafa grafið í Gellishól en vegna vegsummerkja þar er greinilegt að það hefur einhverntíma verið gert. Ekki er heldur víst að Snæbjörn hafi þarna verið að verki, þótt því sé almennt trúað á Barðaströnd. Vera má að Snæbirni hafi einungis verið eignaður gröfturinn síðar vegna rannsókna hans víða í Barðastrandarsýslunum tveimur. Ekki er vitað hvort einhver árangur fékkst af þessari rannsókn en af umfangi könnunarskurðarins er greinilegt að hætt var við gröft eftir aðeins nokkrar skóflustungur. Aftur á móti er vitað með nokkurri vissu að Snæbjörn hafi, ásamt Guðmundi Björnssyni sýslumanni á Patreksfirði, grafið í hina meintu smiðju Króka-Refs í Refshólmanum og fundið þar spjót og steinsleggju. Þessir hlutir eru nú glataðir.⁶

³ Brynjúlfur Jónsson 1899:39.

⁴ Kristján Eldjárn 1956:85-89, 210.

⁵ Sjá Snæbjörn Kristjánsson 1930:149-154.

⁶ Gunnar Guðmundsson, munnlegar heimildir.

Rannsókn sumarið 1998

Við könnunarrannsóknina sumarið 1998 var eins meters breiður og fimm metra langur skurður tekinn í miðjan hólinn út frá skurðinum sem Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey er talinn hafa grafið. Áður en könnunarskurðurinn var tekinn, var hólinn mældur upp og hann ljósmyndaður.

Hóllinn er sporöskjulaga, 30 metrar á lengd og 17 metrar á breidd. Hann stendur á ræktaðri sléttu, þar sem áður var mólendur sandhryggur⁷, og er grasi vaxinn. Hóllinn veit í suðvestur og norðaustur, sé miðað við sporöskjulaga lögun hans. Sá endi hólins er snýr í suðvestur er nokkuð aflíðandi miðað við aðrar hliðar hans, sem eru mjög brattar. Fyrir miðju efst í hólnum má skýrt greina könnunarskurðinn sem hefur verið eignaður Snæbirni í Hergilsey. Vestan við skurðinn er lítill þúst, sem líklega hefur myndast úr þeim jarðvegi er mokað var upp úr honum þá.



Mynd 3. Gellishóllinn er náttúrumyndun að grunni til en greinilegt er að efri hluti hans er manngerður. Á myndunum má greina hvítan sandinn undir sandróti og rauðbrúnu hleðslutorfi sem er efst í hólnum, rétt undir grasrótinni.

Sniðin í jöðrum könnunarskurðarins sem tekinn var sumarið 1998 sýndu að hóllinn er náttúrumyndun að grunni til en greinilegt er að hann er manngerður að hluta til. Undirlag hólins hefur myndast úr sandi. Efstu jarðlög hans eru mynduð úr hlöðnu torfi. Milli torfhleðslunnar og sandsins er moldarblandað sandlag. Blöndun þessara tveggja jarðlaga bendir til þess að hreyft hafi verið við sandinum þegar torfinu var hlaðið yfir hólinn. Það

⁷ Kristján Þórðarson, munnlegar heimildir.

getur því vel verið að sandi hafi verið mokað ofan á hólinn áður en torfið var sett yfir hann að síðustu.⁸ Torfinu hefur líklega verið hlaðið yfir nánast allan efri hluta hólsins að brúnum hans, sé miðað er við það sem könnunarskurðurinn sýndi (mynd 3).

Undir hreyfða sandlaginu mátti greina dökkt, þunnt jarðlag, trúlega náttúrulega fokmold. Enn neðar undir fokmoldinni fannst ljóst gjóskulag en að sögn Magnúsar Sigurgeirssonar jarðfræðings er hér líklega um að ræða 4000 ára gamalt lag frá gosi í Snæfellsjökli, svonefnt BRIMA lag.⁹ Neðri hluti hólsins hefur samkvæmt þessu myndast af náttúrunnar hendi fyrir meira en 4000 árum (mynd 3).

Erfitt er að áætla hvenær hólinn var hækkaður með sandi og torfi. Ekkert gjóskulag var þar sjáanlegt, annað en það sem nefnt er hér að ofan, sem gætu hjálpað til við aldursgreininguna. Ekki reyndist heldur unnt að aldursgreina manngerða hluta hólsins með kolefnisaldursgreiningu, því engar lífrænar leifar fundust þar sem hægt var að nota í þessu samhengi.

Í horni könnunarskurðarins sem eignaður er Snæbirni í Hergilsey mátti þó greina op á músarholu, sem síðan mátti rekja eftir kræklóttu leið inn í hólinn. Í holunni fundust ýmis konar lífrænar leifar, músabein og fleira sem þær höfðu borið þangað með sér. Þessar leifar voru ekki notaðar til aldursgreininga, því að þær hefðu einungis gefið til kynna hvenær mýs bjuggu í holunni og gætu því gefið ranga mynd af því hvenær hann var gerður.

Króka-Refur og Gellir

Skemmst er að leita upplýsinga að bakgrunni munnmæla sem fylgja Gellishól í Króka-Refs sögu. Þar segir frá Ref, syni hjónanna Þorgerðar og Steins bónda í Kvennabrekku í Dölum. Þorgerður var systir Gests Oddleifssonar í Haga á Barðaströnd. Refur er sagður vera mikill vexti, vænn að yfirliti en ódællegur, og bar hann viðurnefnið Króka-Refur.¹⁰

Í sögunni drepur Refur mann nokkurn, Þorbjörn að nafni, er bjó á næsta bæ við Kvennabrekku. Eftir atburðinn sendir móðir Refs hann til Gests bróður síns í Haga á Barðaströnd. Þar átti Refur að halda til uns sættir yrðu um vígið og fékk hann góðar viðtökur hjá móðurbróður sínum, Gesti Oddleifssyni. Gestur skynjar brátt hæfileika Refs sem smíðs og biður því hann að smíða sér selabát. Sagan segir síðan frá því að Gestur lætur búa til smíðjuhróf handa Ref og draga þangað við mikinn, meðal annars úr knerri sem rekið hafði á Hagafjörur en viðinn átti Refur að nýta við bátasmíðina. Nokkru síðar lýkur Refur við smíðina og fær hann fyrir það góðan orðstír. Dag nokkurn skömmu síðar hittir Króka-Refur sveitunga sinn, Gelli Sigríðarson, frá bænum Hlíð á Barðaströnd.

⁸ Valgerður Kristjánsdóttir segir að áður en tún Breiðalækjar voru þurrkuð og ræktað upp hafi þau verið slegin þar sem því var við komið, þar á meðal stórt þurrt svæði við Gellishólinn. Hún segir að frá þeim tíma séu sér minnstæðar lautir sem sáust vel allt í kringum umræddan hól. Valgerði þótti þær afar sérstæðar og greinilega ekki gerðar af náttúrunnar hendi. Í lautunum voru stallar, eins og að jarðvegur hefði verið stunginn upp þar í kring. Lautirnar hurfu þegar túnið var ræktað á sínum tíma.

⁹Magnús Sigurgeirsson, bréf til höfundar skýrslu. Magnús vitnar í bréfi sínu til rannsóknna Jóns Benjaminssonar jarðfræðings á gjóskulögum í Barðastrandarsýslum. Magnús bendir á í bréfi sínu að á Barðaströnd finnst engin gjóskulög frá sögulegum tíma.

¹⁰ Króka-Refs saga 1997:1.

Gellir lék þá glímu við heimamenn í Haga. Gellir vill fá Ref í glímu sem hann neitar og úr verður nokkuð þóf. Gellir gefst ekki upp og neyðir Ref að lokum til að glíma við sig. Þeir kappar glíma um stund og fara leikar svo að Gellir hefur betur og hlæist um í sveitinni. Líða nú nokkrir mánuðir, þar til Gellir á leið framhjá smiðju Refs. Gellir ákveður að hafa tal af Refi og spyr tíðinda. Refur hafði enn ekki gleymt glímunni og ákvað að gjalda Gelli tapið. Refur hljóp þá undan skipi sínu og drap Gelli með smíðaöxi sinni.¹¹ Þegar Gestur fær að heyra tíðindi þessi, ku Refur hafa kveðið eftirfarandi vísu:

Roðin var randar gyðja,
ráð knúðist dag þennan
fýrsveigi hjó eg frægan
Flóðs, í Gellis blóði.
Nú tel eg hefnt, en hrefni
Heitr fagnaðist sveiti,
getið verðr slíks fyr snotrum¹²

Eftir víg Gellis sigldi Króka-Refur til Grænlands á nýsmíðuðu skipi sínu. Þar kvæntist hann norrænni konu, Helgu Björnsdóttur að nafni, og tók við búi Björns tengdaföður síns í Hlíð í Vesturbyggð á Grænlandi. Refur á að hafa búið í ein átta ár þar í landi og eignast þrjá syni með konu sinni. Þar fór af honum gott orð, sér í lagi vegna hinnar einstæðu smíðakunnáttu hans. En sagan endurtekur sig. Refur lendir í samskonar illdeilum á Grænlandi og hann hafði lent í fyrst í Dölum og síðar á Barðaströnd. Hann gerist í þriðja sinn sekur um víg. Refur flýr þá frá Grænlandi með konu sína og syni, fyrst til Noregs og síðan til Danmerkur. Þar nær Refur að rétta til deilur þær er hann lenti í á Grænlandi og í lok sögunnar er Refur talinn stórmenni mikið og synir hans einnig. Danakonungur lofar mjög drengileg afrek Refs og gefur honum nafnið Sigtryggur. Í lok sögunnar er sagt frá láti Sigtryggs, er hann var á leið til fundar við Pál postula suður í Rómaborg, svo og greftrun hans í ríku munkaklaustri í Frakklandi.¹³

Eftir víg Gellis í Refshólma á Barðaströnd færist söguvið Króka-Refs sögu frá Íslandi til Grænlands, Noregs og loks Danmerkur, þar sem Refur sest að. Þess er aftur á móti ekki getið í sögunni hvar Gellir var grafinn eftir vígið. Tenging sögunnar við Gellishól er því líkast til munnmæli ein sem trúlega hafa bæst við hana síðar meir. Samkvæmt þeim á Gellir að hafa verið heygður í umræddum hól, sem síðan hefur verið kenndur við hann.

Niðurstaða og umfjöllun

Stórir grafhaugar, á borð við þá er víða má sjá í Skandinavíu, eru sjaldséðir á Íslandi.¹⁴ Þeir eru ekki heldur margir að tölu þar en samt þó nokkrir. Af þeim eru haugarnir í Jelling í Danmörku líklega þekktastir. Annar þeirra, sá stærri, er 70 metra langur og 11 metrar á hæð.¹⁵ Flestir íslensku grafhauganna sem hafa verið rannsakaðir með fornleifagreftri hér

¹¹ Króka-Refs saga 1997:7.

¹² Króka-Refs saga 1997:7-8.

¹³ Króka-Refs saga 1997:23-24.

¹⁴ Kristján Eldjárn 1956:206.

¹⁵ Krogh, Knud J. 1983:186; Vikingatidens ABC 1995:131.

á landi eru 6-7 metrar að þvermáli¹⁶ en Gellishóll er 30 metra langur, enda allsendis óvíst hvort flokka megi hann sem grafhaug.

Rannsóknir í Noregi hafa sýnt fram á að sumir þeirra hauga, sem áður voru taldir vera grafhaugar, geyma ekki jarðneskar leifar manna. Þess í stað eru sumir þeirra taldir vera minnismarki, líkast til frá tímum heiðni,¹⁷ en margir þeirra eru þó trúlega náttúrumyndun og þeir einungis kenndir við fræga menn eða tengdir atburðum sem sagt er frá í Íslendingasögum, konungasögum eða munnmælasögum.¹⁸

Markmiðið með könnunarrannsókninni á Breiðalæk sumarið 1998 var einmitt að skera úr um það hvort Gellishóll væri náttúrumyndun, minnismarki, grafhaugur eða eitthvað annað. Einnig var ætlunin að kanna aldur hans ef hann reynist manngerður. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að Gellishóll er manngerður en er ekki grafhaugur úr heiðnum sið.

Króka-Refs saga

Fyrr á öldum gengu sögur, eins og Króka-Refs saga, milli manna í afskriftum og voru lesnar upp fólki til skemmtunar. Almenn er talið að ýmsir þjóðfélagsstraumar á 18. og 19. öld hafi valdið því að menn fóru að tengja forna bæi, hauga, hóla og sérkennilegar náttúrumyndanir við persónur úr Íslendingasögum til að gera þær trúverðugri. Talið er líklegt að tenging þekktra sögupersóna við ákveðna staði hafi síðan fests í sessi.¹⁹

Í lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. náði síðan þjóðernisrómantíkin hámarki sínu. Þá sáu áhugamenn um fornleifar og sögu, eins og Snæbjörn í Hergilsey, sig knúna til að rannsaka þá staði sem tengdust Íslendingasögum í því skyni að sanna gildi þeirra. Takmarkinu virtist vera náð því að margir þeirra hauga sem rannsakaðir voru á þessum tíma reyndust geyma grafir og haugfé. Það sama gildi um forn bæjarstaði, sem geymdu leifar gleymdra bygginga. Hitt er aftur óljóst hvort þessar leifar tilheyrðu í raun hinum þekktu sögupersönnum eða ekki og erfitt að sanna að svo hafi nokkurn tíma verið.

Króka-Refs saga er almennt talin vera skáldskapur, sem trúlega var færður í letur á 14. öld.²⁰ Minni hennar er vel þekkt í ýmsum ævintýrum, þar sem sagt er frá auðnuleysingjanum sem síðan reynist ráðsnjöll hetja og gæfumaður sem lifir friðsælu lífi allt til æviloka. Nafnið Refur er venjulega tengt við ráðagóða en brögðotta menn, og nafnið Gellir gæti verið merking fyrir ódælan og hávaðasaman mann. Í sögunni er Gellir einmitt valdur að vandræðum Refs. Refur leysir þau með brögðum og klækindum. Refur er í lok sögunnar nefndur Sigtryggur, sem gæti þýtt traustur sigurvegari.

Króka-Refs saga á að líkindum að gerast á víkingaöld þegar heiðin trú var enn iðkuð af Íslendingum. Þetta má meðal annars ráða af samskiptum Refs við nafntogaða menn erlendis, svo og af lýsingum sögumanns á vopnaburði manna við víg og almenna vinnu. Lýsingarnar samræmast vel þeirri ímynd sem Íslendingasögurnar skópu um bardagagleði heiðinna karlmanna á víkingaöld. Í lok Króka-Refs sögu virðist Refur taka kristna trú, því þar er hann sagður hafa verið jarðaður að kristnum sið í ríku klaustri í Frakklandi. Sé tekið mið af hefðbundnum kenningum um boðun kristinnar trúar á Norðurlöndum má geta sér til um að sögumaður Króka-Refs sögu hafa ætlað henni að gerast á síðari hluta 10. aldar. Samkvæmt því gæti Gellir vel hafa verið heygður að heiðnum sið eftir að hann

¹⁶ Kristján Eldjárn 1956:230.

¹⁷ Skre, Dagfinn 1997:15.

¹⁸ Arwill-Nordbladh, Elisabeth 1998:25-26.

¹⁹ Arwill-Nordbladh, Elisabeth 1998:26.

²⁰ Jónas Kristjánsson 1978:334.

hafði verið veginn en þar sem þess er ekki getið í sögunni hvar Gellir var heygður hefur honum síðar meir verið eignaður hvilustaður í haug nærri sögustaðnum.

Það sem gerir söguna trúverðuga er tenging hennar við þekkta atburði í sögu Norðurlanda, eins og kristnitökuna. Það er þó rétt að minna á það hér að sögur eins og Króka-Refs saga voru samdar og skráðar af kristnum mönnum. Í þeim var heiðnin oft notuð sem tákni um hið illa. Góðu sögupersónurnar eru venjulega látnar leiðast af villu vegar og taka kristna trú þegar líður að lokum sögunnar, eins og gert er í Króka-Refs sögu.

Staðhættir í Króka-Refs sögu virðast einnig nokkuð réttir, enda hefur sögumaður hennar líklega reynt að krydda frásögn sína með því að tengja hana við staði sem raunverulega voru til. Það getur þó verið að sumir þeirra hafi orðið til fyrir tilstilli sögunnar um Króka-Ref. Þess er samt ekki getið nákvæmlega hvar smiðjuhróf Króka-Refs var byggt né hvar bærinn Hlíð á Barðaströnd stóð. Samkvæmt munnmælasögum á Gellir að hafa komið frá bænum Miðhlíð, sem stendur í dag tæpum 10 kílómetrum fyrir utan Haga.

Hlíð er algengt bæjarnafn. Sem dæmi má nefna þá hafa nokkrir bæir á Barðaströnd borið nafnið Hlíð. Einn þeirra stóð til dæmis við Hlíðará á milli bæjanna Brjánslækjar og Arnórsstaða.²¹ Bær þessi var á síðari árum kallaður Moshlíð en hann er nú í eyði. Miðhlíð er aftur á móti enn í byggð. Líklegt má telja að Miðhlíð hafi fyrrum verið einn bær sem hugsanlega bar nafnið Hlíð eingöngu. Nú heita bæir þarna Ytri- og Innri-Miðhlíð og skammt innan við er bærinn Litla-Hlíð. Þetta bendir til þess að Hlíðarbænum hafi verið skipt upp í þrjá samliggjandi bæi, þar sem Miðhlíðarbærinn stóð í miðið. Ef litið er til staðháttu í Króka-Refs sögu getur sögumaðurinn vel hafa ætlað Gelli að eiga heima í Hlíð, á þeim slóðum sem Miðhlíð stendur nú, síður en í Hlíð (Moshlíð) við Hlíðará (sjá kort).

Hvers vegna var hóllinn gerður?

Engin merki um gröf fundust í Gellishól við könnunarrannsóknina sumarið 1998. Þó er hóllinn greinilega ekki eingöngu náttúrumyndun. Hann hefur verið hækkaður og honum breytt í einhverjum tilgangi. Hann er því án nokkurs vafa manngerður að hluta til. Undirstaða hólsins hefur myndast úr sandi af náttúrunnar hendi fyrir meira en 4000 árum. Kollur hans er mótaður af mannahöndum úr sandi og torfi. Erfitt er að segja til um hvenær það var gert vegna þess að engin lífræn efni sem hægt er að greina með kolefnisaldursgreiningu fundust í honum.

Af niðurstöðum könnunarrannsóknarinnar sumarið 1998 mætti ráða að hóllinn sé minnismarki og í raun er enn ekkert sem útilokar að í hólnum sé gröf úr heiðnum sið. Á því eru þó hverfandi líkur vegna þess að könnunarskurðurinn liggur um hólinn miðjan og hugsanleg gröf yrði þá að vera í öðrum enda hans. Það er frekar ólíklegt ef miðað er við önnur kuml sem hafa verið rannsökuð á Íslandi.²² Líklegasti möguleikinn er sá að hóllinn sé gamalt siglingarmerki sem var notað við siglingu upp á svokallaða Hagabót.

Sé hóllinn siglingarmerki gæti það skýrt hvers vegna hann var hækkaður. Hann hefur líkast til verið hærri og greinilegri nýgerður en hann er nú. Ef miðað við það sem könnunarskurðurinn sýndi getur hann hafa verið hækkaður hvenær sem er, jafnvel fyrir mörgum öldum, og löngu fyrir rannsóknartíð Snæbjarnar í Hergilsey.

²¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín 1980:271.

²² Sjá Kristján Eldjárn 1956.

Gellishóll sést vel utan af sjó en hann sést ekki þegar komið er upp undir land neðan við túnin á Breiðalæk eða í Haga. Síðustu ár hafa heimamenn á Breiðalæk notað rafmagnsstaur sem stendur utan og ofan við Gellishólinn og látið hann bera við bæinn á Breiðalæk til viðmiðunar við innsiglingar þegar komið var úr róðrum.²³ Gellishóllinn gæti hæglega hafa verið notaður með sama hætti.

Hagavaðall

Í 13. aldar heimildum er talað um Hagavaðal sem höfn á Barðaströnd. Hann er alloft nefndur í sambandi við millilandasiglingar, og enn á 14. öld, þegar höfundur Króka-Refs sögu setur saman sögu sína. Þá þótti það ekki undarlegt að láta Ref smíða hafskip inni í Vaðlinum. Auk þess lætur sögumaður Ref nota við úr knerri sem brotnað hafði á fjöru Gestis í Haga við skipasmíðina. Knerrir voru enn í notkun á þessum tíma og voru það allt þar til Hansa-kaupmenn yfirtóku verslunina í Björgvin í Noregi á síðari hluta 14. aldar.²⁴



Mynd 4. Gellishóll. Greina má bæjarhúsin á Breiðalæk til vinstri og í Haga til hægri í bakgrunni myndarinnar.

Íslandsverslunin var stunduð frá Björgvin og við upphaf 15. aldar bættust Englendingar í hópinn.²⁵ Skip Hansamanna og Englendinga voru stærri og djúpritari en knerrir Norðmanna, og þar með hefur Vaðallinn orðið ónothæfur sem höfn vegna þess hve grunnur hann er. Nýtt skipalægi og lendingu varð því að finna á Barðaströnd. Hvenær það

²³ Kristján Þórðarson, munnlegar heimildir.

²⁴ Gils Guðmundsson 1977: 23-26; Jón Þ. Þór 2002:60.

²⁵ Björn Þorsteinsson 1970:23-57; Jón Þ. Þór 2002:66-67.

gerðist er ekki vitað en á 19. öld var Hagabótin almennt notuð til lendingar og hefur kannski verið lengi eða frá því að hætta varð að nota Vaðalinn.

Geta má sér til um að Gellishóll hafi verið hækkaður eftir að lendingin var flutt og siglingar í Vaðalinn lögðust niður. Þeir sem lentu við Hagasjóinn, lendinguna upp af Hagabótinni, þurftu sjávarmerki og Gellishóll getur hafa orðið fyrir valinu. Síðar var verslun flutt frá þessum slóðum til Flateyjar. Byrjað var að halda uppi áætlunarferðum milli Flateyjar og Hagabótarinnar um síðustu aldamót. Þá var sett upp nýtt siglingamerki á svokölluðum Haugum, nær fjöruborðinu og nokkru innan við Gellishólinn. Þetta merki stendur enn.

Siglingamerki

Í raun má segja að byggingarefni Gellishóls, sandur og torf, styðji þá kenningu að hann hafi verið byggður upp sem siglingamerki snemma á 15. öld við þær breytingar sem urðu á lendingarstað við Hagaraströndina. Flestar byggingar þessa tíma voru gerðar úr torfi en oft úr grjóti einnig ef það var til staðar. Ekkert grjót er í eða við Gellishólinn. Fjaran neðan við hólinn er þakin hreinum og hvítum skeljasandi, eins og reyndar nánast öll strandlengja Barðastrandar.

Auðvelt er að mynda hóla úr sandi og torf hentar einkar vel til þess að binda hann. Sandhólarnir tveir er stóðu nærri Gellishólnum og getið er um í inngangsorðum þessarar greinar, geta hafa verið bornir þangað úr fjörinni sem efni er nýta átti við hækun hólsins. Þegar þessir hólar voru jafnaðir út við ræktun túnsins á Breiðalæk kom í ljós að í þeim var eingöngu sandur.²⁶

Athyglisvert er í þessu sambandi að líta til annarra siglingamerkja frá síðari tímum á ströndinni. Áður nefnt merki á Haugunum, innan við Gellishólinn, er úr timbri. Spölkorn þar innar er merki úr járn og timbri. Það er frá upphafi þessarar aldar og var notað við komu stærri skipa inn á Hagabótina.

Rétt er að minna á að þess er hvergi getið í Króka-Refs sögu hvar Gellir var grafinn eftir vígið í Refshólmanum, enda var Gellishóll líklega ekki jafn reisulegur þegar höfundur Króka-Refs sögu skráði sögu sína á 14. öld og hann varð síðar þegar hann var gerður að siglingamerki. Greftrun Gellis í Gellishól byggir eins og áður sagði á munnmælum einum saman, trúlega upprunnum á 18. eða 19. öld þegar algengt varð að tengja sögur af hetjum úr fornmannasögunum við forn bæjarstæði, hauga, hóla og sérkennilegar náttúrumyndanir. Á þessum tíma höfðu siglingar stærri skipa á Hagabótina legið niðri um nokkurt skeið. Hið raunverulega hlutverk Gellishólsins, sem þá var enn svo greinilega mótaður af mannahöndum, getur fljótt hafa fallið í gleymsku.

Lokaorð

Könnunarrannsókn, af því tagi er gerð var í Gellishól sumarið 1998, getur oft gefið góðar upplýsingar um viðkomandi rannsóknarefni með tiltölulega lítilli fyrirhöfn. Samt sem áður er um leið ávallt sú hætta fyrir hendi, þegar þessi aðferð er notuð, að könnunarskurðirnir lendi utan við allar þær upplýsingar sem viðfangsefnið í raun geymir.

²⁶ Kristján Þórðarson, munnlegar heimildir.

Eina leiðin til að fullreyna hvort í hólnum sé gröf, eins og munnmælasögur kveða á um, er að rannsaka hann allan með uppgrefti en ekki er ráðlegt að taka fleiri könnunarskurði í hólinn vegna þess hversu lítill hann er að umfangi. Hætta er á því að annar könnunarskurður myndi gera meira ógagn en gagn. Niðurstöður könnunarrannsóknarinnar sem nú hefur verið gerð á staðnum benda ennfremur ekki til þess að hólinn geymi gröf. Þær benda eindregið til þess að hann sé siglingarmerki, ekki eldra en frá síðari hluta miðalda.

Athygli skal vakin á því að forn siglingarmerki hafa ekki verið rannsökuð með markvissum hætti hingað til á Íslandi og því fátt til viðmiðunar við niðurstöður rannsóknarinnar á Gellishól sumarið 1998.²⁷ Þessar niðurstöður hljóta að teljast nokkuð athyglisverðar með tilliti til sögu verslunar og siglinga á Breiðafirði, þó að mörgum kunni að þykja það miður að engin gröf fannst í hólnum sem um leið rýrir sannleiksgildi Króka-Refs sögu. Sumir kunna að telja sig hafa gengið í gildru sögumanns, enda hefur það líkast til verið ætlun hans því sagan er einkar vel sett saman og á mjög trúverðugan hátt. Vonandi verður Króka-Refs saga áfram sögð, og einnig þær munnmælasögur sem hafa mótast í kringum hana í tímans rás, þrátt fyrir að sannleiksgildi hennar hafi nú rýrnað.

Heimildaskrá

Ágúst G. Ólafsson 1990: *Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1980: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Dala- og Barðastrandarsýsla*. Bindi VI. Önnur útgáfa. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Arwill-Nordbladh, Elisabeth: *Genuskonstruktioner i nordisk vikingatid, förr och nu*. Doktorsritgerð. Gotarc no. 9. Gautaborg: Fornleifadeild Háskólans í Gautaborg.

Björn Þorsteinsson 1970: *Enska öldin í sögu Íslands*. Reykjavík: Mál og menning.

Brynjúlfur Jónsson 1899: Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1899*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

Gils Guðmundsson 1977: *Skútuöldin*. Fyrsta bindi. Önnur útgáfa aukin. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur.

²⁷ Fyrir nokkru var rannsakað meint kuml í upphlöðnum hól í landi Melaness á Rauðasandi í Barðastrandarsýslu. Engin gröf fannst við rannsóknina en nokkuð ljóst þótti að hólinn var manngerður. Talið var að líkið hafi verið flutt af einhverjum ástæðum úr hólnum (Sigurður Bergsteinsson, munnlegar heimildir). Staðsetningu þessa hóls svipar að mörgu leyti til staðsetningar Gellishóls miðað við sjávarmál. Skilyrði til lendingar eru einnig svipuð á Barðaströnd og Rauðasandi, enda stutt á milli þessara tveggja strandlengja (sjá kort). Því má vel vera að umræddur hól á Rauðasandi hafi einnig verið siglingarmerki, eins og Gellishóll trúlega var.

Jónas Kristjánsson 1978: Bókmenntasaga. *Saga Íslands III*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Jón Þ. Þór 2002: *Sjósókn og sjávarfang. Saga sjávarútvegs á Íslandi*. I. bindi. Árabáta- og skútuöld. Akureyri: Hólar.

Krogh, Knud J. 1983: The Royal Viking-Age Monuments at Jelling in the Light of Recent Archaeological Excavations. *Acta Archaeologica*. Vol. 53 – 1982. Kaupmannahöfn: Munksgård.

Kortabók handa grunnskólum 1992: Ísland, norðvesturhluti. Reykjavík: Landmælingar Íslands og Námsgagnastofnun.

Kristján Eldjárn 1956: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Norðri.

Króka-Refs saga 1997: Netútgáfa af Krókarefssögu. Sótt af <http://www.snerpa.is/net/isl/krokaref.htm>.

Matthías Þórðarson 1924: Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar, er höf. hefir athugað á skrásetningarferðum sínum. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1924*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

Skre, Dagfinn 1997: Haug og grav. Hva betyr gravhaugene? *Kulturtekster*. Bergen.

Snæbjörn Kristjánsson 1930: *Saga Snæbjarnar í Hergilsey*. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson.

Steinunn Kristjánsdóttir 1999: *Gellishóll – manngerður hóll í landi Breiðalækjar á Barðaströnd*. Skýrslur Minjasafns Austurlands VI. Egilsstaðir: Minjasafn Austurlands.

Vikingatidens ABC 1995: Ritstjórar Carin Orrling, Cevilia Jönsson, Charles Olsson. Statens historiska museum. Borås: Statens historiska museum.

Bréf og munnlegar heimildir

Gunnar Guðmundsson (f. 1924, d. 2003) frá Skjaldvararfossi á Barðaströnd Munnlegar heimildir um Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey. Mars, 1999.

Kristján Þórðarson (f. 1925), bóndi, Breiðalæk, Barðaströnd. Heimildir um ræktun túns á Breiðalæk, auk frásagna af Snæbirni Kristjánssyni í Hergilsey. Jóna Jóhanna, amma Kristjáns og langamma höfundar, var í vist hjá Snæbirni í mörg ár. Kristján hitti Snæbjörn einu sinni. Samtöl sumarið 1998 og í mars 1999.

Magnús Sigurgeirsson, jarðfræðingur. Bréf til höfundar skýrslu, dagsett 14. janúar, 1999, um gjóskulög á Barðaströnd.

Sigurður Bergsteinsson, fornleifafræðingur. “Fundið kuml á Rauðasandi?” Erindi sem flutt var á aðalfundi Hins íslenska fornleifafélags 4. desember, 1997.

Valgerður Kristjánsdóttir (f. 1932), húsfreyja, Breiðalæk, Barðaströnd. Upplýsingar um staðhætti í landi Breiðalækjar áður en ræktun hófst þar. Samtöl sumarið 1998 og í mars 1999.